

- 98 Stjórnin sér um að sjóðurinn sé ávallt ávaxtaður á tryggum stað og ræður styrkveitingum úr honum s. s. 3. og 4. gr. ákveður. Formaður annast reikningshalds sjóðsins og er almanaksárið reikningsár hans, en hreppsnefndin endurskoðar reikninginn og birtir árlega fjárhæð sjóðsins á efnahagsreikningum sínum.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Flateyri, 5. sept. 1930.

Snorri Sigfússon. Ásbjörn Bjarnason.
(handsalað).

99
13. okt.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningagjafasjóð Landsspítala Íslands“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 13. október 1930. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningagjafasjóð Landsspítala Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningagjafasjóður Landsspítala Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1916 og hefir hann aukizt síðan með fé því, er honum hefir gefizt til minningar um látna menn.

3. gr.

Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 180.000.00 — eitt hundrað og áttatíu þúsund krónur. — Höfuðstól þennan, og það sem við hann kann að bætast, þar til Landsspítalinn tekur til starfa, má eigi skerða.

4. gr.

Eftir að farið er að veita styrk úr sjóðnum, skal árlega leggja við höfuðstól helming vaxta, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 250.000.00, og úr því $\frac{1}{3}$ hluta vaxta, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 500.000.00, en úr því jafnan $\frac{1}{4}$ hluta vaxta.

5. gr.

99

Því sem sjóðnum kann að áskotnast umfram vexti, frá því er hann tek- 13. okt.
ur til starfa, skal, ásamt þeim hluta vaxta, sem ekki leggst við höfuðstól,
samkv. 4. gr., varið til hjálpar sjúklingum, er sjúkravist eiga á Landsspítala
Íslands, til greiðslu sjúkrakostnaðar. Gjafir, sem sjóðnum eru þegar gefnar,
og síðar kunna að gefast, í einhverju sérstöku skyni, eða bundnar einhverju
ákveðnu skilorði, koma þó eigi undir ákvæði þetta, enda sé gjöfin eigi minni
en kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —.

6. gr.

Af eignum sjóðsins standa kr. 125.000.00 — eitt hundrað tuttugu og
fimm þúsund — í Útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands. Aðrar eignir sjóðs-
ins eru nú sem stendur geymdar í ríkisskuldabréfum, Jarðræktarsjóðsbréfum
og í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands. Eignir sjóðsins skal á hverjum tíma
geyma á þeim stað, sem tryggastur er talinn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 konur búsettar í Reykjavík, og situr sú stjórn
sjóðsins, sem nú starfar, þar til í janúarmánuði 1932. Stjórn Landsspítalasjóðs
Íslands kys stjórn sjóðsins og gildir kosningin til 6 ára. Stjórn sjóðsins skiptir
sjálf með sér störfum, þannig að ein er formaður, önnur ritari, þriðja gjald-
keri, og tvær meðstjórnendur. Fatlist einhver stjórnarkona frá störfum á kjör-
tímabilinu, kjósa hinar konurnar aðra í hennar stað. Ennfremur skal stjórn
Landsspítalasjóðs Íslands kjósa einn endurskoðanda til jafnlangs tíma og
stjórn sjóðsins og ríkisstjórnin útnefna annan endurskoðanda til sama tíma, í
fyrsta sinn í ársbyrjun 1932.

Nú leggst það starf niður, sem stjórn Landsspítalasjóðs Íslands hefir
með höndum, og leysist stjórn hans þess vegna upp. Skal þá stjórn Minninga-
gjafasjóðs Landsspítala Íslands sjálf kjósa konu í stjórn sjóðsins í hvert sinn,
sem einhver stjórnenda hans segir af sér störfum, flytur burt úr Reykjavík,
deyr, eða verður af einhverjum orsökum ókleift að vera lengur í stjórn. En
dóms- og kirkjumálaráðuneytið kys þá endurskoðendur til jafn langs tíma og
að framan greinir.

8. gr.

Stjórn Minningagjafasjóðs Landsspítala Íslands annast allar styrkveit-
ingar úr sjóðnum.

9. gr.

Úthlutun styrks úr sjóðnum fer fram í byrjun hvers ársfjórðungs, og séu
umsóknir um styrkinn komnar í hendur formanns sjóðsstjórnarinnar eigi síð-
ar en viku fyrir úthlutunardag.

99

13. okt.

10. gr.

Umsóknum um styrk úr sjóðnum fylgi tillögur um styrkveitinguna frá yfirlækni og yfirhjúkrunarkonu þeirrar deildar Landsspítala Íslands, sem umsækjandi liggur á, einnig vottorð um efnahag umsækjanda frá sóknarpresti hans og frá lækni þeim, sem stundað hefir sjúklinginn áður en hann kom í spítalann. Styrkur sá, sem sjóðurinn veitir, má eigi nema minnu en $\frac{1}{3}$ hluta kostnaðar af sjúkráhuskostnaði umsækjanda. Komi það fyrir eitthvert ár, að ekki sé þörf á að úthluta öllu því fé, sem handbært er til úthlutunar, leggst afgangur þess við höfuðstól, um næstu áramót.

11. gr.

Endurskoðaðan ársreikning og efnahagsreikning sjóðsins fyrir liðið ár, skal árlega birta í febrúarmánuði í Lögbirtingablaðinu, og í B-deild stjórnatíðindanna. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

12. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari og er þar með úr gildi fallin eldri skipulagsskrá sjóðsins frá 26. janúar 1926.

Ingibjörg H. Bjarnason.
formaður.

Inga L. Lárusdóttir.
ritari.

100

13. okt.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Guðrúnar Þórðardóttur og Kristjáns Albertssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 13. október 1930. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs hjónanna Guðrúnar Þórðardóttur og Kristjáns Albertssonar.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita: „Minningarsjóður hjónanna Guðrúnar Þórðardóttur og Kristjáns Albertssonar“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 336.00 — þrjú hundruð þrjátíu og sex króna — gjöf frá nokkrum vinum þeirra hjóna, í sambandi við sjötugs afmæli Guðrúnar Þórðardóttur þann 6. janúar 1930.